



## Hreppsnefnd 08.04.10

Hreppsnefnd 08.04.10

Hreppsnefndarfundur var haldinn fimmtudaginn 8. apríl 2010 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Anna Pála Víglundsdóttir, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 25. mars sl.  
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 25. mars sl.  
Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

2. Mál Fundargerð fræðslunefndar frá 10. mars sl.  
Lögð fram til kynningar.

3. Mál. Fundargerðir bygginganefndar frá 22. mars sl. og 6. apríl sl.  
Seinni fundargerðinni var dreift á fundinum.  
Lagðar fram fundargerðir bygginganefndar frá 22. mars sl. og 6. apríl sl. Gerði sveitarstjóri nánar grein fyrir 4. máli á dagskrá bygginganefndar frá 06. apríl sl. "HB Grandi h/f, breyting á veltengingu"  
Síðan voru báðar fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

4. Mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A-og B-hluta fyrir árið 2009.-síðari umræða-  
Fyrri umræða ársreikninga Vopnafjarðarhrepps fór fram 25. mars sl. og voru þá til umræðu ársreikningar A-og B-hluta fyrir árið 2009, sundurliðanir ársreiknings, endurskoðunarskýrsla KPMG og greinargerð sveitarstóra með ársreikningum 2009. Á þann fund voru einnig mættir löggiltir endurskoðendur KPMG og gerðu þeir grein fyrir endurskoðunarvinnu sinni og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.  
Öll þessi gögn eru til umfjöllunar hér í dag við síðari umræðu ársreikninga ársins 2009.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og skýrði helstu stærðir í fyrirbyggjandi ársreikningum. Að öðru leyti vísaði hann til greinargerðar sinnar með reikningunum og skýringa og gagna KPMG.

Lagði hann síðan til að ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta yrðu samþykktir.

Miklar umræður urðu um ársreikningana, þar sem fundarmenn lýstu skoðunum sínum. Voru nefndarmenn almennt sáttir við rekstur sveitarfélagsins, tekist hafi vel að halda utan um kostnaðarliðina, þó lækkandi útsvarstekjur séu hættumerki í rekstrinum.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 537,7 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 39,9 m.kr., voru 452,4 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 85,3 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur verið tillit til niðurstöðu fjármunatekna og –gjalda, að fjárhæð 130,8 m.kr. kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 45,5 m. kr. rekstrarhalla. Fjármagnskostnaður vegur gríðarlega þungt í rekstrarútkomu sveitarfélagsins fyrir árið 2009, enda þó hann hafi lækkað úr 198,2 m.kr. á árinu 2008 í 130,8 m.kr. 2009 eða um 67,4 m.kr. Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ. e. laun og rekstrargjöld, hækkar ekki nema um líðlega 3,1% eða úr 400,2 m. kr. 2008 í 412,5 m.kr. árið 2009. Heildargjöld að teknu tilliti til fjármagnsgjalda lækka um 8,2 % eða úr 635,1 m.kr. í 583,2 m.kr.

Meginhluti langtímalána sveitarfélagsins eru tengd vísitölu neysliverðs og eru reiknaðar verðbætur og gengismunur ársins 77,2 milljónir. Fjárhæð þessi kemur til hækkunar á höfuðstól lána sveitarfélagsins og á móti er fjárhæðin færð til gjalda í rekstri þess árið 2009, en kemur til greiðslu á eftirstöðvatíma lánanna. Ljóst má því vera að verðbólguþróun ræður miklu um afkomutölur sveitarfélaga til framtíðar.

Í heild eru erlend lán sveitarsjóðs um 6,4 % heildarlána og er ljóst að miðað við gengisfall íslensku krónunnar þá hefði reiknaður gengismunur orðið mun hærri tala hefði hlutfall erlendra lána verið hærri. Það hlýtur því að teljast athugunarefni hversu hátt þetta hlutfall ætti að vera og ljóst er að mörg sveitarfélög eru með mjög hátt hlutfall erlendra lána, sem þau hafa vafalítið tekið í krafti mikils vaxtamunar á erlendum og innlendum lánunum.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 87,9 m. kr. á árinu en á móti voru tekin ný lán að fjárhæð 90,1 m.kr. Þar af er 45 m.kr. lánsheimild frá árinu 2008, sem ekki tókst að hefja sökum lánsfjárrpurðar hjá lánastofnunum eins og Lánasjóði sveitarfélaga, þar sem þetta lánsloforð hafði verið gefið. Ný langtímalán vegna ársins 2009 eru því í raun rétt um 45 m.kr.

Sökum reiknaðra verðbóta að fjárhæð 77,2 m.kr. og lántöku í upphafi árs vegna ársins 2008 hækka langtímalán úr 820,4 m.kr. árið 2008 í 921,6 m.kr. árið 2009 eða um 101,2 m.kr. í samstæðunni allri. Enn og aftur komum við að því hversu mikilvægt það er fyrir reksturinn að ná niður verðbólgunni. Skammtímaskuldir lækka á hinn vænginn úr 235,1 m.kr. í 177,9 m.kr. eða um 57,2 m.kr. Í heild hækka því skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins einungis úr 1.103,6 m.kr. í 1.148,4 m.kr. eða um 44,8 m.kr.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum- og gengismun, og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 71,6 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 21,4 m.kr. Þetta fjármagn gengur síðan ásamt nýjum lántökum til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið. Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 16,6 m.kr. en var í upphafi ársins 24,3 m.kr.

Eftir miklar og góðar umræður um fyrirliggjandi gögn og ársreikninga var fyrirliggjandi tillaga sveitarstjóra síðan borin undir atkvæði og ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árið 2009 samþykktir samhljóða.

5. Mál. Ný slökkvibifreið fyrir Vopnafjörð, afhending.

Lögð fram fundargerð lokaúttektar vegna nýs slökkvibíls fyrir Vopnafjarðarhrepp og Flugstoðir ohf. Jafnframt var lagt fram skjal sem sýnir heildarkostnað vegna bílsins eins og hann hefur verið greiddur skv. tilboði. Samningur um bílinn var undirritaður í nóvember 2007.

Bíllinn er kostaður til helminga af Vopnafjarðarhreppi og Flugstoðum ohf. og kostar í heild um 38 m. kr., þar af er virðisaukaskattur 25,5 % eða tæpar 8 m.kr., sem fæst endurgreiddur.

Áætlað er að bíllinn komi til Vopnafjarðar á morgun, föstudaginn 9. apríl 2010. Vopnfirðingum er hér með óskað til hamingju með þennan nýja slökkvibíl, sem veitir mun betra öryggi í þessum málum en verið hefur til staðar fram að þessu. Formleg afhending fer fram þegar búið er að koma fyrir í honum ýmsum lausabúnaði sem verður í bílnum.

6. Mál Ýmis bréf og erindi

a) Bréf íslenskra atvinnuflugmanna, dags. 25. mars sl., varðandi Reykjavíkflugvöll.

Í bréfinu er kallað eftir stuðningi við núverandi staðsetningu Reykjavíkflugvallar.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir í þessu sambandi svofellda tillögu. "Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps tekur undir ályktun frá aðalfundi Félags íslenskra atvinnuflugmanna frá febrúar sl., varðandi mikilvægi þess að núverandi staðsetning Reykjavíkflugvallar verði fest í sessi til frambúðar.

Jafnframt eru samgönguyfirvöld hvött til þess að flýta sem kostur er byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni og tryggja þannig góðan aðbúnað farþega og að landsmenn allir megi búa við sem bestar flugsamgöngur til og frá höfuðborginni."

b) Bréf Þróunarfélags Austurlands dags. 31. mars. sl., varðandi átak til að laða að nýja fjárfesta til Austurlands. Hreppsnefnd samþykktir að sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, verði fulltrúi svf. í vinnuhópnum.

c) Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 29. mars. sl., varðandi sérstakt átak til viðhalds og endurbóta á húsnæði í opinberri eigu.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30